

FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2018

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 2. nóvember 2017 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði 31. október 2017 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2017. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun Garðabæjar fyrir árin 2019, 2020 og 2021.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði um 110 m.kr. og samstæðureiknings um 545 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 1.219 m.kr. hjá A sjóði og 1782 m.kr. í samstæðureikningi. Framlegð er áætluð 14,7% en er 13,4% samkvæmt áætlun 2017.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall var 112,7% skv. ársreikningum Garðabæjar og Álftanes 2012, en var komið niður í 78,7% skv. ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2016. Í framlagðri áætlun er gert ráð fyrir að að skuldahlutfall í árslok 2018 verði 81,1% og skuldaviðmið skv. fjármálareglum 65,5%.

Kjarasamningar við nær öll starfsmannafélög eru í gildi á árinu 2018 en hinsvegar eru kjarasamningar lausir við Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarskólakennara. Í framlagðri áætlun hafa ekki verið reiknaðar launahækkunar á þessa hópa í frumvarpinu. Til að mæta m.a. hugsanlegum hækkunum vegna nýrra kjarasamninga fyrir þessa hópa er í frumvarpinu 250 m.kr. varasjóður, en þar af er gert ráð fyrir að verja um 50 m.kr. til að mæta manneklu í leikskólum Garðabæjar. Vonir standa til að samkomulag SALEK hópsins verði til þess að betri vinnubrögð verði viðhöfð við gerða kjarasamninga á næstu árum og meiri sátt náist um markmið kjarasamningsgerðar milli aðila á vinnumarkaði. Á grundvelli stöðuleikasáttmála frá 25. júní 2009 var gengið frá lagasetningu á Alþingi í desember 2016 og lögum breytt til gera lífeyrisherferin sjálfbær þannig að að hver kynslóð standi undir eigin réttindum, bæta flæði milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera og jafna halla á tryggingafræðilegri stöðu opinberu lífeyrissjóðanna. Unnið er að uppgjöri sveitarfélaganna vegna þessa en niðurstaða uppgjörsins liggur ekki enn fyrir og er því ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu.

Í byrjun næsta árs verða liðin sex ár frá því sameining sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftanes gekk í garð. Jöfnunarsjóðsframlög vegna sameiningarinnar hafa að fullu verið greidd í árslok 2017. Í frumvarpinu er því ekki áætlaðar tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna sameiningar í framlagðri áætlun.

Hófleg íbúafjölgun hefur verið síðustu ár í Garðabæ og samhliða hafa fylgt auknar skatttekjur. Íbúafjölgunin hefur verið nokkuð stöðug á bilinu 1,5 – 3% og langt yfir landsmeðaltali. Á sama tíma hafa stofnanir bæjarins getað fylgt eftir fjölguninni og veitt góða þjónustu. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun fyrir árin 2018-2021 er tekið tillit til mikillar uppbyggingar sem sést m.a. í því að að gert er ráð fyrir að Urriðaholtsskóli taki til starfa í byrjun árs 2018 og hefur þegar verið ráðinn skólastjóri við skólann.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2018 eru:

Að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7 %.

Að álagningarhlutfall fasteignaskatta lækkar úr 0,23% í 0,21%.

Að rekstrarniðurstaða A-sjóðs verði jákvæð um a.m.k. 100 mkr.

Að gjaldskrár hækki um 2,7% sem er verðlagsbreyting á árinu 2018.

Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggi að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.

Að hvatapeningar hækki í 50.000 kr. fyrir hvert barn á árinu 2018.

Að öll 12 mánaða börn fái leikskólavist.

Að framkvæmt verði fyrir um 7.071 mkr. á árunum 2018 – 2021 þar af 1.850 mkr. árið 2018.

Að starfsemi á bæjarskrifstofu verð styrkt.

Að veltufé frá rekstri verði milli 10 til 15%.

Að áfram sé gætt aðhalds í rekstri og hagkvæmum innkaupum.

Að Garðabær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað verðar fjármál og rekstur.

Að þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.


2. Skatttekjur

Útsvar Áætlaðar útsvarstekjur eru 9.570 mkr og hækka um 10% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2017 með viðauka. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2017 og tekið tillit til launaþróunar og 1,5% íbúafjölgunar.


Fasteignagjöld Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda lækki fari úr 0,23% í 0,21%. Álgningahlutfall fasteignaskatts hefur þá lækkað úr 0,26 í 0,21 í kjörtímabilinu.

Jöfnunarsjóður Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 910 mkr. á árinu 2018 en var áætlað 1.077 mkr. 2017. Við framlagningu áætlunarinnar liggur tillaga sjóðsins ekki fyrir og verða fjárhæðir einstakra deilda sjóðsins uppfærðar fyrir síðari umræðu liggja áætlun sjóðsins þá fyrir. Öll framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameingarinnar falla niður frá og með árinu 2018.

Skipting tekna 2018



Skipting málaflokka sem hlutfall skatttekna 2018



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 6.766 mkr. árið 2018 í A- sjóði sem er 5% hækkun frá fyrra ári eða 328 mkr. hækkun. Í samstæðureikningi er gert ráð fyrir að launakostnaður verði 6.801 mkr. og hækkar um 239 mkr. milli ára. Hjúkrunarheimilið Ísafold er ekki lengur í rekstri Garðabæjar en var rekið í einn mánuð á árinu 2017 með launakostnaði upp á 105 mkr.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga en eins og áður hefur komið fram er enn ósamið við tvö félög þ.e. Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarskólakennara. Í flestum samningum er gert ráð fyrir um 2% launahækkun í júní 2018.

Rekstrarkostnaður


Almennur rekstarkostnaður A-sjóðs er áætlaður 5.294 mkr.og hækkar um 15% milli ára. Almennur rekstrarkostnaður er 38% af tekjum en er áætlaður 36% af tekjum skv. áætlun 2017. Í áætluninni er gert ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 150 mkr. til rekstrar Urriðaholtsskóla 50,0 mkr hækkun vegna hvatapeninga 20,0 mkr hækkun vegna viðhalds fasteigna. 80,0 mkr hækkun vegna endurbóta á götum og gangstéttum og 65,0 mkr hækkun til rekstrar íþróttamiðstöðvarinnar Ásgarðs en endurbætt sundlaug verður opnuð í ársbyrjun 2018.


Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við upphaflega áætlun 2017 með viðaukum sem samþykktir hafa verið í bæjarstjórn.

3.2. Félagsþjónusta

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs verði 1.552 mkr. og hækki um 7% eða um 108 mkr. milli árunna 2017 og 2018. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks hækkar um 9,6% einkum vegna þjónustu við mikið fatlaða einstaklinga sem njóta þjónustu allan sólarhringinn. Hjúkrunarheimilið Ísafold er nú ekki lengur rekið af Garðabæ en Hrafnista annast reksturinn skv. samningi þar um. Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár m.a. með yfirtöku sveitarfélaga á málafokki fatlaðs fólks. Mikil hækkun hefur orðið ár frá ári í heimaþjónustu fyrir aldraða og nemur hækkun milli árunna 2017 og 2018 nú 17 mkr. eða 12%. Til að styrkja starf fjölskylduviðs er ráðgert að bæta við fagmenntuðum starfsmanni til að efla þjónustu við fatlaða.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2018






3.3. Fræðslumál

Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 6.732 mkr. á árinu 2018 sem er um 5% hækkun milli ára eða um 318 mkr.


Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu hækkar um 4 mkr. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 3 mkr. til sértækra verkefna á sviði skólamála og 5 mkr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 25 mkr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 8 mkr. til þróunarverkefna í leikskólum. Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er hækkuð úr 12 í 20 mkr.

Skipting kostnaðar vegna fræðslusviðs 2018



Þús.kr. **FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL - skipting útgjaldaliða 2018**



Leikskólar

Til reksturs leikskólamála er áætlað að verja um 2.175 mkr. sem er um 6,8% hækkun milli ára. Áætlað er að nýr samrekin leik- og grunnskóli taki til starfa í Urriðaholti í byrjun árs. Byrjað verður á að opna tvær leikskóladeildir. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl sem hefur haft þau áhrif að fjárveitingar til leikskólamála hafa hækkað en niðurgreiðslur til dagforeldra lækkað.

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. október 2017 var 896 þar af eru 322 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum. Stúlkur eru 416 og drengir 480.

Starfsmenn með leikskólakennaramenntun eru 34%, aðrir starfsmenn með háskólamenntun eru 17% og leiðbeinendur eru 49%.

Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðiþjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning.

Opnunartími leikskóla verður óbreyttur en leikskólar Garðabæjar er opnir alla sumarmánuði og er Garðabær eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður slíka þjónustu. Með rekstri ungubarnaskóla er komið til móts við foreldra yngstu barnanna með því að foreldrar geta valið milli leikskóla og dagforeldra og hefur sú breyting mælst sérstaklega vel fyrir hjá foreldrum.

Fjöldi leikskólabarna í Garðabæ síðustu 5 árin hafa verið:

2013-2014 958 börn

2014-2015 980 börn

2015-2016 922 börn


2016-2017 890 börn

2017-2018 896 börn


Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni. Launabáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2018



Einkareknir leikskólar 2018



Bæjarreknir leikskólar 2018



Grunnskólar

Áætlað er að verja um 6.732 mkr. til starfsemi grunnskólanna á árinu 2018. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 170 mkr. eða 5%. Rekstrarfé grunnskóla er reiknað skv. skólavísi og er fjöldi nemenda 1. október 2017 lagður til grundvallar. Í heildina fækkaði grunnskólanemendum í Garðabæ um 17 milli vor- og haustanna 2017 en þó varð fjölgun í grunnskólum sem reknir eru af Garðabæ þar sem nemendum í sjálfstætt starfandi skólum fækkaði. Kjarasamningar grunnskólakennara eru lausir og er því ekki gert ráð fyrir hækkun launa kennara í fjárhagsáætluninni. Í áætluninni er fjárveiting að fjárhæð 250 mkr. í varasjóði sem meðal annars er ætlað að mæta hugsanlegum hækkunum samkvæmt nýjum kjarasamningum og mæta sérstökum ráðstöfunum vegna manneklu á leikskólum. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5.–7. bekk í öðrum skólum Garðabæjar fjölgaði og var fjölgunin mest í Flataskóla. Gert er ráð fyrir starfsemi grunnskóla í Urriðaholti taki til starfa haustið 2018.

Tekið hefur verið tillit til óska stjórnenda allra grunnskólanna um aukið fjármagn til viðhalds húsnæðis skólanna. Í eignasjóði er fjárveiting að fjárhæð 94 mkr. til viðhalds húsnæðis grunnskólanna, en í áætlun 2017 nam sú fjárhæð 88 mkr. Þá er á framkvæmdayfirliti fjárveiting að fjárhæð 300 mkr til nýbygginga og endurbóta á húsnæði leik- og grunnskóla en á árinu 2017 nam sú fjárhæð 100 m.kr. Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við viðbyggingu Álftanesskóla á árinu 2018.

Heilarfjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2013.


2013 – 2014	2.084 börn	
2014 – 2015	2.176 börn	fjölgun frá fyrra ári 92 börn
2015 – 2016	2.316 börn	fjölgun frá fyrra 140 börn
2016 - 2017	2.446 börn	fjölgun frá fyrra ári 130 börn
2017 - 2018	2.429 börn	fækkun frá fyrra ári 17 börn

Fjölgun grunnskólabarna á síðustu 5 árum er 345

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar milli skólaára

	2017-18	2016-2017	breyting
Flataskóli	501	496	5
Garðaskóli	527	501	26
Hofsstaðaskóli	555	535	20
Sjáländsskóli	276	286	-10
Álftanessóli	411	441	-30

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2018



Tómstundaheimili grunnskóla

Kostnaður við starfsemi tómstundaheimilanna er áætlaður 56 mkr. sem er um 10% hækkun frá fyrra ári. Auk þess sem Garðabær greiðir 13 mkr. til annarra sveitarfélaga vegna vistunar barna á tómstundaheimilum sérskóla. Kostnaður tómstundaheimilanna er fyrst og fremst launakostnaður og ræðst fjöldi starfsmanna af fjölda barna. Aukinn launakostnaður er því fyrst og fremst vegna fjölgunar barna. Sú breyting hefur verið gerð að skólarnir sjá nú um síðdegishressingu fyrir börnin sem áður var keypt af Skólamat.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir að gjaldskrá tómstundaheimilanna hækki um 2,7%.

Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 266 mkr. sem er óbreytt framlag frá fyrra ári. Kjarasamningar við Félag tónlistarskólakennara eru lausir og er því ekki gert ráð fyrir hækkun launa í áætluninni. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Tónlistarskóli Garðabæjar bauð upp á Suzuki nám í fyrsta skipti frá og með skólaárinu 2012 – 2013 og hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur. Starfsemi skólans fer fram í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 141 mkr. vegna leik- og grunnskóla en er áætlað 120 mkr. árið 2017. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 15 mkr. á árinu 2018.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum. Gert er ráð að verja 150 mkr. einkarekinna skóla árið 2018 sem er lækkun um 15 mkr frá áætlun 2017.



3.4. Menningarmál

Fjárveiting til menningarmála er 211 mkr. en var 201 mkr. á árinu 2017.

Framlög til bókasafns Garðabæjar nema 88 mkr. og hækka um 5,4% milli ára. Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands er áætlaður 64 mkr. og hækkar um 6,4%. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað það sama og árið 2017 eða kr. 14,8 mkr.

Listadagar barna eru haldnir annað hvert ár og á árinu 2018 verða listadagar í lok apríl.

Áfram er gert ráð fyrir þeim listviðburðum sem fest hafa sig í sessi í Garðabæ s.s. jazzhátíð, Jónsmessugleði á Sjálandi, sýningum á Garðatorgi og stuðningi við ýmsa menningarstarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir rekstri Bjarnastaða á Álftanesi en húsnæðið er notað fyrir starfsemi frjálsra félaga og fyrir menningarviðburði.



3.5. Æskulýðs- og íþróttamál


Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 1.672 mkr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 179 mkr. frá árinu 2017 eða um 12%. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, Mýrarinnar og íþróttahúss Sjúlandsskóla. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 783 mkr. og hækkar um 72 mkr. milli ára. Sundlaugin við Ásgarð var lokuð stóran hluta ársins 2017 vegna gagngerra endurbóta en verður opnuð að nýju í byrjun árs 2018.

Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar, Klakans í Sjúlandsskóla og Elítunnar á Álftanesi nemi 99 mkr. og hækki um 3 mkr. milli ára eða hækki um 3%.


Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingsstarfs er áætlað um 20,5 mkr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 54 mkr. og til framkvæmda vegna sundlaugarinnar við Ásgarð 120 mkr. Einnig er áætlað að verja 300 mkr. til byggingar fjölnota íþróttahúss og 70 mkr. til endurnýjunar gervigrass á keppnisvelli. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga er 125 mkr. og er gert ráð fyrir að hækka hvatapeninga fyrir hvert barn í kr. 50.000.

Framlög til íþróttafélaga verða skoðuð milli umræðna í tengslum við endurnýjun rekstrarsamninga við félögin.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2018




Þús.kr. **Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2018**



3.6. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 111 mkr. en voru 104 mkr. árið 2017. Hækkunin nemur um 6%. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins lá ekki fyrir þegar gengið var frá framlagningu frumvarpsins. Framlag til sjóvarnargarða er 2 mkr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.


Brunamál - skipting kostnaðar 2018



3.7. Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála nema 55 mkr. árið 2018 en voru áætluð 46 mkr. árið 2017. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun og gámastöðvar er áætlaður 140 mkr. en sorphreinsunargjöld eru áætluð til móts við kostnaðinn. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 52 mkr. sem er 24% hækkun frá fyrra ári. Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 6,7 mkr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er nú færður í málaflokk 03 skv. breytingu á bókhaldsreglum sveitarfélaganna. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013 og hefur það verkefni gengið vel í alla staði hvort sem litið er til þjónustu eða kostnaðar. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og verður því verkefni haldið áfram með 10 mkr. fjárveitingu á framkvæmdáætlun á árinu 2018. Lokið er vinnu við uppsetningu grenndargáma við Suðurnesveg og Norðurnesveg á Áltanesi, við Ásgarð, Sjúlandsskóla og á tveimur stöðum í Urriðaholti eða samtals á sex stöðum í Garðabæ.


Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2018



3.8. Skipulags- og byggingarmál

Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 217 mkr. sem er hækkun um 6 mkr. milli ára. Gert er ráð fyrir að verja um 36 mkr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðaskipulags samanborið við 34 m.kr. árið 2017. Gert er ráð fyrir viðbótarstöðugildi tímabundið til að mæta mikilli aukningu umsvifa á tækni- og umhverfissviði.

Skipulags- og byggingarmál - skipting kostnaðar 2018




3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 875 mkr. árið 2018 og er um 81 mkr. hækkun að ræða eða 10%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 60 mkr. í 65 mkr., gatnahreinsun hækkar um 4 mkr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 210 mkr. í 232 mkr. eða um 10%. Endanleg áætlun frá Strætó lá fyrir við gerð frumvarpsins. Áætlun Strætó gerir ráð fyrir að tilraunaverkefni um aukinn akstur á Álftanes sem hófst á árinu 2017 verði framhaldið og bætt við akstri um miðbik dags á virkum dögum. Einnig er bætt við akstri á leið 21 sem hefur viðkomu á Vífilstöðum og Kauptúni. Á árinu 2018 verður þjónustutími leiðarinnar aukinn þannig að ekið er til 23:30 alla daga vikunnar. Þannig munu farþegar geta ferðast að fyrirtækjum og verslunum í Kauptúni frá opnun og fram að lokun alla daga vikunnar auk þess sem aksturinn nýtist íbúum Urriðaholts.


Einnig er áætlað að verja til snjómoksturs og hálkueyðingar 63 mkr. Til götulýsingar er áætlað 73 mkr.

Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2018



3.10. Umhverfismál

Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 358 mkr. en áætlun 2017 gerði ráð fyrir 339 mkr. eða hækkun um 5,6%. Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 125 mkr. á árinu 2018 eða um 15 mkr. hærrí fjárhæð en áætlað var 2017. Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 25 mkr. sambanborið við 19 mkr. árið 2017 sem er um 30% hækkun frá fyrra ári. Tækni- og umhverfissvið hefur bent á þörfina fyrir auknu fjármagni vegna nýrra hverfa í bænum og er tekið tillit til þess í áætluninni. Kostnaður við slátt og hirðingu opinna svæða hækkar um 7 mkr. eða 7% og hefur með því verið tekið tillit til ábendinga sviðsins um þörf á aukinni fjárveitingu vegna nýrra hverfa og stækkun á svæðum sem þurfa umhirðu.



3.11. Sameiginlegur kostnaður


Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 889 mkr. á árinu 2018 en var 770 mkr. árið 2017. Hækkunin nemur 15%. Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofu eða 374 mkr. og hækkar um 3% milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar er hækkaður úr 200 .kr. í 280 .kr., sem er 40% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars. skv. lögum er hækkuð úr 41 mkr. í 50 mkr. vegna aukinna útsvartekna árána 2017 og 2018.

Kostnaður vegna tölvumála er 228 m.kr og er kostnaðurinn allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað.

Sameiginlegur kostnaður - skipting kostnaðar 2018 - þús.kr.



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld eru áætluð 430 mkr. sem er 18 mkr hækkun frá árinu 2017. Gert er ráð fyrir 4,0% verðbólgu sem um einu prósentu umfram þjóðhagsspá. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár um verðlagsþróun hafa ekki alltaf staðist.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Fjárveiting til reksturs eignasjóðs er áætluð að fjárhæð 498 mkr. árið 2018. Launakostnaður er áætlaður 63 mkr. og annar rekstrarkostnaður 630 mkr., sem er viðhald, öryggisgæsla, tryggingar og fasteignagjöld stofnana Garðabæjar. Afskriftir eignasjóðs eru áætlaðar 754 mkr.

Launakostnaður umsjónarmanna fasteigna grunnskóla er færður á eignasjóð, en þeir hafa einnig umsjón með öðrum fasteignum bæjarins. Sú breyting er gerð að laun umsjónarmanns fasteignar Ísafoldar eru færð á eignasjóð en voru áður færð með gjöldum fasteignarinnar Strikið 3. Umsjónarmaðurinn sinnir nú eignum bæjarins eins að aðrir umsjónarmenn fasteigna en ekki bara ákveðinni eign.

Húsaleiga eignasjóðs hækkar um 183 mkr. milli árána 2017 og 2018 og eru leigugjöld millifærð á viðkomandi stofnanir. Tekjur eignasjóðs eru áætlaðar um 2.548 mkr. árið 2018 en eru áætlaðar 2.365 mkr. árið 2017.

Fjárveiting til viðhalds stofnana í A sjóði er áætluð 242 mkr. á árinu 2018 en voru áætlaðar 220 mkr. árið 2017 og hækkar um 22 mkr. Tækni og umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldsþörf næstu árin.

Fjármagnsliðir eignasjóðs er áætlaðir 1.345 mkr. að meðtöldum innri lánum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem reiknuð hefur verið í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar.

Fjárhagsáætlun 2018 gerir ráð fyrir 250 mkr. varasjóði til að mæta ófyrirséðum útgjöldum.

4.2. Þjónustmiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 19 mkr. sem er hækkun um 3 mkr. frá áætlun 2017. Til reksturs áhaldahúss er ráðgert að verja 6 mkr. sem er lækkun um 4 mkr. Ástæða þessa er að gert er ráð fyrir bættum og breyttum vinnubrögðum við færslu á vinnustundum starfsmanna í þjónustu við stofnanir bæjarins.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 14 mkr. árið 2018 en 13,6 mkr. árið 2017. Gert er ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 9 mkr. til Garðahúsa sem gjaldfærð er sem félagsleg aðstoð við leigjendur hjá fjölskyldusviði.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 377 mkr. samanborið við 298 mkr. árið 2017. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 60 mkr. framkvæmdum vegna veitna. Vegna þjónustu áhaldahúss/ þjónustumiðstöðvar við veitur er nú gjaldfærðar 55 mkr. hjá veitum og tekjufært á þjónustumiðstöð. Vatnsveita greiðir 33 mkr. og fráveita 22 mkr. Óumdeilt er að þjónustumiðstöð bæjarins sinnir mikilli þjónustu við samveitu á öllum sviðum.

5.3. Stikið 3 rekstur fasteignarinnar

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3 gerir ráð fyrir að skila 71 mkr. tekjuafgangi vegna samnings við ríkið um leigu en heildartekjur nema samtals 135 m.kr. og útgjöld 64 m.kr. sem eru vaxta- og verðbótagjöld, afskriftir, fasteignagjöld og viðhald fasteignarinnar.

Hjúkrunarheimilið Ísafold er ekki lengur B- deildarfyrirtæki þar sem reksturinn er nú á vegum Hrafnistu skv. samningi þar um.

Framkvæmdir

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir að framkvæmdum að fjárhæð 1.850 mkr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 800 mkr. sbr. sjóðsstreymisyfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 817 mkr.

Til gatnagerðar, hljóðvistar, umferðarmála er áætlað að verja um 710 mkr., þar af er gert ráð fyrir 300 mkr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til skólahúsnæðis er áætlað að verja um 300 mkr.

Til Urriðaholtsskóla eru áætlaðar 400 mkr. með framlagi frá Urriðaholti um sömu upphæð.

Til íþróttamannvirkja 490 m.kr., þ.e. 120 mkr. til Sundlaugarinnar við Ásgarð, 300 mkr. til fjölnota íþróttahúss og 70 mkr. til endurnýjunar gervigras aðalvallar.

Til bæjargarðs 150 mkr.

Til bættis aðgengis fatlaðra er áætlað að verja 10 mkr.

Til miðbæjar Garðatorgi/endurbætur torgs er áætlað að verja 50 mkr.

Til búsetuúrræða fyrir fatlaða 100 mkr.

Til húsnæðismála, stofnframlag leigumarkaðar 40 mkr.

Til fjölnota fundasalar bæjarskrifstofu 90 mkr.

Til strætóskýla 10 mkr.

Til grenndargáma 10 mkr.

Til hestamannafélagsins Sóta 10 mkr.

Til ýmiss búnaðar er áætlað að verja 120 mkr.

Til samveitna er áætlað að verja 60 mkr.

6. Þriggja ára áætlun 2019-2021

Áætlun fyrir árin 2019-2021 (þriggja ára áætlun) er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekkt meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða 1,5% árin 2019 – 2021. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að skatttekjur aukist um 175 - 200 mkr. Aðrar tekjur aukast um 55 – 60 mkr. á ári.

Gert er ráð fyrir um 210 -255 mkr. hækkun launa- og rekstrarútgjolda vegna aukinnar þjónustu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð af núverandi lánaskrá og greidd niður skv. skilmálum um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 800 mkr. árið 2018, 700 mkr. árin 2019 og 2020 og 500 mkr. árið 2021. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.

Íbúafjöldi í Garðabæ 2013-2017

2013	13.970 íbúar
2014	14.460 íbúar
2015	14.730 íbúar
2016	15.250 íbúar
2017	15.500 (á 2 ársfjórðungi skv. Hagstofu)

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2013 eða um 1.530 íbúa á 5 árum.

7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2018 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla sem kynntir voru í bæjarráði við upphaf áætlunargerðar og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með.

Sú nýbreytni var tekin upp við gerð fjárhagsáætlunar á síðasta ári að leitað var til íbúa bæjarins um ábendingar varðandi fjárhagsáætlun á heimasíðu bæjarins. Það er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar brugðust við og skiluðu inn ýmsum ábendingum um það sem betur má fara eða leggja skuli áherslu á. Þann 1. nóvember 2017 höfðu borist 50 ábendingar vegna fjárhagsáætlunar 2018.

Markmiðum forsendna fjárhagsáætlunar hefur náðst að mestu leyti. Á milli umræðna verður farið nánar yfir einstaka óskir um fjárveitingar samhliða því sem leitað verður eftir tillögum til hagræðingar í rekstri og ábendingar íbúa rýndar.

Fjárhagsáætlun 2018 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 12,4%. Eiginfjárlutfall er áætlað að verði 0,56 og veltufjárlutfall 0,72. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 47,3% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 38,0%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 11.652 millj. kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 6.544 millj. kr. Skuldahlutfall nemur 81,1%, og verður 80,4% árið 2021. Skuldaviðmið nemur 65,5%.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður 7. desember, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal áætlunin afgreidd fyrir 15. desember ár hvert.

